

Fundargerð

163. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 7. maí 2014, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Heitur lækur úr Vaðlaheiðargöngum, óhæfur sem baðstaður.**

Nokkuð hefur borið á því undanfarið að almenningur sækist í að baða sig eða busla í læk í landi Halllands, en umræddur lækur tekur við vatni úr Vaðlaheiðargöngum. Vatnið sem um ræðir er heitt vatn sem streymir úr bergi innan í göngunum og kælivatn frá gangnagerðinni, en kælivatnið getur innihaldið ýmis skaðleg og ertandi efni eins og sýrur og olíur, auk þess sem mikið af fínefnum skolest út með vatninu og gera það afar gruggugt. Böð í umræddum læk eru í óþökk landeigenda og ráðstafanir hafa verið gerðar til að takmarka umferð óviðkomandi um svæðið. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur birt upplýsingar um málið á heimasíðu www.hne.is og farið fram á að almenningur forðist böð í læknum og taki þannig tillit til eigin velferðar og óska landeigenda.

3. **Málþing í Mývatnssveit um fráveitur.**

Skýrt var frá málþingi sem nýlega var haldið í Mývatnssveit um fráveitumál. Í erindi Árna Einarssonar líffræðings kom fram að mjög stór breyting hefur orðið í Mývatni undanfarin ár; þörungamotta á botni vatnsins er algerlega horfin; líklega vegna næringarefnaþengingar af mannavöldum. Ástæða þessa er líklega að það vantar birtu í vatnið; bakteríur í vatninu grugga það og skyggja þannig á botninn. Á þinginu var einnig fjallað um helstu leiðir til að hreinsa skólþ og kynntar voru nokkrar gerðir af skólþhreinsistöðvum. Heilbrigðisnefnd mælist til þess að sveitarstjórn Skútustaðahrepps taki frumkvæði í þessu máli og skipuleggi og hrindi í framkvæmd úrbótum í fráveitumálum; gagnert í þeim tilgangi að draga úr álagi á Mývatn af völdum næringarefna. Að mati heilbrigðisnefndar er nauðsynlegt að byggja vönduð hreinsivirki fyrir skólþ fyrir þéttbýlið í Reykjahlíð, Voga og Skútustaði og víðar þar sem byggð er þétt á vatnasvæði Mývatns. Þá er mikilvægt að bændur eigi þétt og vönduð 6 mánaða haughús og hagi búrekstri í samræmi við starfsreglur Umhverfisstofnunar um góða búskaparhætti og skili landbúnaðarúrgangi í viðurkennda förgun.

Umsagnir:

4. **Endurskoðun matskýrslu vegna Bjarnarflagsvirkjunar.**

Kynnt var endurskoðuð matskýrsla vegna Bjarnarflagsvirkjunar.

Heilbrigðisnefnd leggur þunga áherslu á að þannig verði búið um hnúta að loftmengun af völdum brennisteinsvetnis valdi ekki vandkvæðum fyrir nálæga starfsemi, ferðaþjónustu og búsetu og að affallsvatn valdi ekki mengun í grunnvatni og vatnasvæði Mývatns. Gæta þarf ítrustu varúðarreglna gagnvart umhverfi Mývatns.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Sigurlína H. Styrmsdóttir, kt. 061062-2039, Langholti 11, 603 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir innflutningi á vítamínum. Samþykkt með ákveðnum skilyrðum.
2. Elín Rúna Backman, kt. 020481-4129, Baldursbrekku 5, 640 Húsavík. Dýralæknastofa, þjónusta við smádyr. Samþykkt.
3. Aðalsteinn Pétursson, kt. 131159-4049, Vallholti 650 Laugar. Heimagisting flokkur I Heiti gististaðar Vallholt II. Samþykkt.
4. Ketill Indriðason kt. 011178-3599, Fjallsgerði Þingeyjarsveit. Heimagisting flokkur I. Heiti gististaðar Fjallsgerði heimagisting. Samþykkt.
5. Þollur ehf, kt. 630699-1270, 685 Bakkafirði. Fiskverkunarhús. Starfsleyfi vegna mengunarvarna. Samþykkt.
6. Oddný Sigríður Kristjánsdóttir, kt. 160978-5039, Pálmholti 9, 680 Þórshöfn. Daggæsla barna í heimahúsi. Samþykkt.
7. Harðbakur ehf (Town Apartment), kt. 650809-1220, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð að Strandgötu 3, 600 Akureyri. Samþykkt.
8. Kristinn Arnarsson, kt. 090362-4909, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð að Hrafnagilsstræti 24, 600 Akureyri. Samþykkt.
9. FP ehf, kt. 520213-1390, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð að Ráðhústorgi 3, 4. hæð, 600 Akureyri. Samþykkt.
10. Fiskmarkaður Norðurlands, kt. 530594-2979, Ránarbraut 1, 620 Dalvík. Fiskvinnsla. Starfsleyfi vegna mengunarvarna. Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.
11. Meindýravarnir Axels, kt. 610503-2410, Fjölnisgötu 4F, 603 Akureyri; meindýravarnir og garðaúðun. Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.
12. Hestamannafélagið Léttir, kt. 430269-6749, Safírstræti 2, 603 Akureyri; reiðhöll og samkomusalur. Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.

Önnur mál:

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði var frá framkvæmdum Norðurorku til úrbóta á dælustöð við Hafnarstræti, Akureyri og sýnatöku í sjó vegna þessa.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá atviki þar sem verktaki hefur urðað úrgang frá húsarífi í óleyfi á lóð í Akureyrarbæ; rætt var um viðbrögð vegna þessa.

Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá stöðu mála varðandi hálkuvarnir í Glerárlaug á Akureyri.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00.

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
formaður

Alfreð Schiöth

Sigurjón Jóhannesson

Þorkell Björnsson

Birna Jóhannesdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

María Markúsdóttir

Steinn Karlsson

Jón Torfi Halldórsson

Kristín Halldórsdóttir